

## Aðalfundur 2020 - fundargerð

Haldinn á vefnum í gegnum Teams, 29. apríl 2020 vegna Covid-19 og samkomubanns.

**Fundur settur 09:16** - Róbert Arnar Stefánsson formaður setti fund og skipaði í embætti hans. Erpur Snær Hansen, meðstjórnandi fundarstjóri og Kristín Hermansdóttir, meðstjórnandi ritari.

Forstöðumenn sem voru mættir:

Erpur Snær Hanssen, Náttúrustofa Suðurlands  
Kristín Ágústsdóttir, Náttúrustofa Austurlands  
Kristín Hermansdóttir, Náttúrustofa Suðausturlands  
Sindri Gíslason, Náttúrustofa Suðvesturlands  
Róbert Arnar Stefánsson, Náttúrustofa Vesturlands  
Sigurður Halldór Árnason, Náttúrustofa Vestfjarða  
Þorkell Lindberg Þórarinsson, Náttúrustofa Norðausturlands

Bjarni Jónsson hjá Náttúrustofu Norðurlands vestra boðaði forföll.

Einnig mættu eftirtaldir starfsmenn stofanna á fundinn því hann var opinn öllum starfsmönnum: Lilja Jóhannesdóttir, Snævarr Guðmundsson, Margrét Thorsteinsson, Cristian Gallo og Einar Þorleifsson.

### 1. liður - Skýrsla stjórnar

Þorkell Lindberg Þórarinsson formaður SNS 2019, kynnti skýrslu stjórnar fyrir árið 2019, mest þó tímabilið frá apríl til desember 2019, eða frá síðasta aðalfundi. (sjá fylgiskjal 1).

Róbert Arnar Stefánsson, formaður SNS, fór yfir helstu verkefni frá áramótum (janúar 2020) fram að aðalfundi. Hann nefndi m.a. að Covid-19 hefur haft talsverð áhrif á starfsemi stofanna og samstarfsaðila (sjá fylgiskjal 2).

Skýrslur voru samþykktar samhljóða.

### 2. liður – Afgreiðsla reikninga 2019 ()

Kristín Hermansdóttir gjaldkeri kynnti ársreikning 2019. Lykiltölur:

Rekstrartekjur 401.484 kr. Rekstrargjöld 49.132 kr. Hagnaður 349.3820 kr. Eigið fé og skuldir í lok árs voru 321.017 kr, þegar tekið hafði verið tillit til skulda um áramót. Reikningar samþykktir.

### 3. liður - Lagabreytingar

Engar.

#### 4. liður - Kosning stjórnar

Í framboði fyrir árið 2021 voru Erpur Hansen, Róbert Arnar Stefánsson og Porkell Lindberg Þórarinsson. Þeir taka við af núverandi stjórn um áramót 2020-2021 og verður Erpur formaður. Rætt var um að nauðsynlegt sé að allir í þriggja manna stjórn taki virkan þátt í starfi stjórnar en eins og áður verður þó víðtækt samstarf við alla forstöðumenn um flest mál.

Samþykkt samhljóða.

#### 5. liður – Skýrslur vinnuhópa og fulltrúa í nefndum:

**Bjargfuglar** (í hópnum voru Lindi og Róbert). Lindi kynnti verkefnið um vöktun bjargfugla, sem gengur vel.

Bjargfuglavöktun hófst í fyrsta skipti sem skilgreint verkefni árið 2016. Náttúrustofa Norðausturlands fer með verkefnisstjórn samkvæmt samningi við Umhverfisstofnun. Kostnaður er greiddur með tekjum af sölu veiðikorta, en nýtt fyrirkomulag við úthlutun þess fjár tók gildi árið 2016. Alls taka fimm náttúrustofur þátt í bjargfuglavöktun, sem felur í sér myndatökur og talningar í björgum vítt og breitt um landið. Árið 2017 var gerður þriggja ára samningur um verkefnið og var lokaskýrslu skilað samkvæmt honum í desember 2019. Verkefnisfundur var haldinn í húsnæði Náttúrufræðistofnunar Íslands þann 15. febrúar 2019 og annar þann 24. febrúar 2020 þar sem farið var yfir niðurstöður verkefnisins árið 2019.

Í verkefnisáætlun sem lögð var fram um miðjan desember 2019 var gert ráð fyrir áherslubreytingum á verkefninu. Í þeim fólst að fjölga sjálfvirkum hikmyndavélum til vöktunar í stærstu sjófuglabyggðunum. Á móti dettur út vöktun í litlum byggðum á SV- og V-landi. Voru þessar áherslubreytingar gerðar með hliðsjón af reynslu fyrri ára, ábendingum frá Náttúrufræðistofnun Íslands og fyrirsjáanlegum niðurskurði á fjárveitingum. Í lok apríl 2020 hefur verið gengið frá samningi til næstu þriggja ára við Umhverfisstofnun og byggir hann á verkefnisáætluninni. Afstaða hefur þó enn ekki verið tekin til þess hvort kaup á fleiri vöktunarmyndavélum verði styrkt og stendur upp á umhverfis- og auðlindaráðuneytið að samþykkja það.

Ákveðið að breyta nafni hópsins í Sjófuglar og bæta Erpi, Einari, Sindra og Hálfadáni inn í hann. Til greina kæmi að búa líka til gæsaþóp úr því fólki náttúrustofanna sem koma að gæsarannsóknunum.

**Facebook hópur** (Kristín H. og Áslaug).

Allir þurfa að vera virkir í að bæta fólki við og taka út þegar fólk hættir hjá stofnunum. Skoða mætti líka að búa til fésbókarhóp sem virkar út á við fyrir stofnarnar? En það þarf meiri umræðu.

**Vatnshlotshópur** (Sindri og Erlín skipuð af ráðherra). Kallast hópurinn Ráðgjafanefnd fagstofnana og eftirlitsaðila vegna framkvæmdar laga um stjórn vatnamála. Fyrir hönd SNS tímabilið 2019-2020: Sindri Gíslason (Náttúrustofa Suðvesturlands) – aðalmaður, Erlín Emma Jóhannsdóttir (Náttúrustofa Austurlands) – varamaður. Ráðherra skipar nefndarmenn til 3 ára, Sindri og Erlín sitja því í nefndinni til 2022.

Fundir á tímabilinu 2019-2020 (milli ársfunda): 15. október 2019 og 10. mars 2020

Ráðgjafanefndin hefur nú hafið störf að nýju eftir langt hlé. Fyrsti fundur hinnar nýju nefndar var haldinn 15. október 2019. Berglind Orradóttir (Landbúnaðarháskólanum) var skipaður formaður nefndarinnar og Eydís Salome Eiríksdóttir (Hafrannsóknastofnun) varaformaður.

Ísland innleiddi vatnatilskipun Evrópusambandsins þar sem krafa er gerð um rannsóknir, eftirlit og aðgerðir til að viðhalda gæðum vatns, allt frá fjalllendi til sjávar. Vatnaáætlun á Íslandi fer í samráð í maí og aðgerðaáætlun hennar í september á þessu ári. Vatnaáætlunin (innifelur vöktunaráætlun og aðgerðaáætlun) er sex mánuði í kynningu, þess vegna þarf að leggja áherslu á að allri vinnu sé lokið og áætlanirnar tilbúnar fyrir febrúar 2021. Vatnaáætlun verði samþykkt í lok árs 2021 og aðgerðaáætlun hennar fari til framkvæmda árið 2022.

Vert að nefna að ný vefsja stjórnar vatnamála hefur nú litið dagsins ljós sem eflaust getur nýst náttúrustofunum í ákveðnum verkefnum.

- Vatnshlotavefsja: Er vefsja fyrir fagaðila þar sem er hægt að skrá ástand, afmarka vatnshlot og vinna meira með vatnshlotin.
- Vatnshlotagátt: Er ekki aðgangsstýrð og opin öllum. Hugsuð fyrir almenning og hagsmunaaðila til að skoða og fá upplýsingar t.d. um vatnasvæði, sveitarfélög og hægt að flytja út sem pdf. Hægt að senda inn skriflegar upplýsingar sem berast UST/VÍ og gagnlegt að fá endurgjöf á. Slóð: <https://vatnshlotagatt.vedur.is/>

Hvatt er til þess að þeir sem rekast á galla eða atriði sem betur megi fara láti vita af því.

**Fagråd um Náttúruminjaskrá.** Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir starfaði frá árinu 2017 og Kristín Ágústsdóttir var tilnefnd sem varamaður. Fagráðið skilaði inn tillögum að svæðum inn á náttúruminjaskrá árið 2018 og lét í kjölfarið af störfum. Boðað var að nýju til fundar í fagráðinu í júní 2019. Á fundinum var farið yfir viðbótartillögur Náttúrufræðistofnunar við B-hluta náttúruminjaskrár en Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hafði óskað eftir því að stofnunin kæmi einnig með tillögur að lindum (heitum og köldum), víðernum, hellum, fossum og tillögur um vernd sela/selaláttra, til viðbótar við fyrri tillögur. Stella tók þátt í gegnum fjarfundabúnað.

**Ágengar tegundir** (Menja, Sindri og Róbert). Þrenningin tekur þátt í ýmsum alþjóðlegum samstarfsverkefnum um ágengar tegundir. Þar á meðal mynda þau íslenska hluta norræns hóps sérfræðinga um ágengar tegundir, sem vinnur að því að taka saman til birtingar gögn um stöðu mála á Norðurlöndum, undir stjórn Laura Verbrugge hjá Háskólanum í Helsinki. Þá átti Menja frumkvæði að því að ræða við ýmsa íslenska sérfræðinga sem unnið hafa með ágengar tegundir með það að markmiði að stofna félagsskap þeirra. Til stendur að halda stofnfund á næstu vikum.

**Samráðsnefnd um sjálfbærar veiðar** (Hálfán Helgi Helgason fulltrúi þar (frá okt. 2019) og Kristín H. til vara). Hálfán hefur mætt á fundi nefndar, en varamaður hefur ekkert verið boðaður. Óánægju hefur gætt með stjórnun og starfshætti nefndarinnar. Fundir eru fyrst og fremst til afgreiðslu mála og litlar breytingar hafa orðið á starfsemi nefndarinnar þrátt fyrir nýtt fólk. Fundargerðir eru ófullnægjandi og meginmarkmið nefndarinnar virðast ekki nást. Samþykkt að SNS skrifi bréf til nefndarinnar sem Hálfán geti farið með á næsta fund, stílað á formann nefndar, og einnig mætti í framhaldinu kalla eftir upplýsingum frá ráðuneyti.

**Fiskeldishópur** – (Erlín og Margrét). Hópurinn var stofnaður til að samræma vinnuaðferðir og þar hefur farið fram samtal á milli Austurlands og Vestfjarða.

**Mófuglahópur-** (Alli, Hálfán, Lilja og Lindi) – Hópurinn lagði ekki fram skýrslu á fundinum. Bent var á grein eftir Tómas G. Gunnarsson og Böðvar Þórisson um mófuglatalningar í nýjasta Náttúrufræðingnum. Einhverjir fundarmenn ánægðir með þessa aðferð, en hún hentar þó ekki við öll tækifæri. Æskilegt er að samræma aðferðir eins og hægt er.

**Fiðrildahópur** – (Erpur og Alli). Ekkert var gert árið 2019, nema hvað fiðrildavöktun náttúrustofa, NÍ o.fl. hélt áfram. Hætt var að vakta og safna fiðrildum í Vestmannaeyjum vorið 2020 og vill Erpur því hætta í hópunum.

**Samráðshópur um endurskoðun laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum.** Menja von Schmalensee er tilnefnd fyrir hönd SNS í þá nefnd árið 2019. Nýtt frumvarp er í vinnslu í ráðuneytinu og tvisvar hefur verið haldinn fundur með samráðshópnum. Til stóð að leggja frumvarpið fram á vorþingi en því hefur verið frestað til hausts. Mögulega fer það þó fyrir í samráðsgáttina.

## 6. liður – Kosning skoðunarmanna reikninga

Áslaug Lárusdóttir og Guðrún Óskarsdóttir hafa verið skoðunarmenn. Þeim er þakkað fyrir störf sín. Þær voru endurkjörnar í starfið.

## 7. liður - Ákvörðun um árgjöld og/eða önnur framlög.

Lagt var til að árgjald félagsins verði óbreytt 50.000 kr. Var það samþykkt.

## 8. liður – Önnur mál

Á Wikipedia.org eru upplýsingar um náttúrustofur og þarf að uppfæra þá síðu. Hver stofa gerir það fyrir sig. Sjá [https://is.wikipedia.org/wiki/N%C3%A1tt%C3%BArustofa#N%C3%A1tt%C3%BArustofur\\_%C3%A1\\_%C3%8Dslandi](https://is.wikipedia.org/wiki/N%C3%A1tt%C3%BArustofa#N%C3%A1tt%C3%BArustofur_%C3%A1_%C3%8Dslandi)

Næsti aðalfundur verður haldinn í Bolungarvík í apríl 2021, nánari tímasetning ákveðin síðar.

Upplýst var um að NÍ og Hafró nota núna opnu gagnagrunnana GBIF ([www.gbif.org](http://www.gbif.org)) og OBIS ([www.obis.org](http://www.obis.org)), sem tala hvor við annan. Löng bið hefur verið eftir því að gagnavarsla á landvísu sé stöðluð m.t.t. skráninga og að fagstofnanir noti gagnagrunna sem tala saman. Náttúrustofur þurfa því að skoða hvort vænlegt er að hefja notkun fyrrnefndra gagnagrunna. Stjórn falið að tala við Hólmgrím og Kára fulltrúa í CAFF um að fá kynningu á GBIF, OBIS (og GeoNetwork sem CAFF lét útbúa fyrir sig) fyrir náttúrustofurnar. Erpur talar við hann og lætur okkur vita um tímasetningu á slíkri kynningu.

Sindri benti á villumeldingar frá veiruvarnarforriti þegar farið er á síðu [www.nattsa.is](http://www.nattsa.is) og að tilkynning komi um að síðan sé hættuleg. NattSA skoðar það.

Einar Þorleifsson í samstarfi við Arnþór Garðarsson óskar eftir að fá upplýsingar um hávellur sem stofurnar geta vitað um. Það á einnig við um hræ af hávellum sem gætu verið í frystikistum.

## Fundi slitið kl. 11:35



Ritari fundarins.

Viðhengi 1.

## Aðalfundur SNS 2020

Haldinn í gegnum TEAMS fjarfund 29. apríl 2020

### Skýrsla stjórnar 2019

Í upphafi árs 2019 tók til starfa ný stjórn Samtaka náttúrustofa, skipuð Þorkeli Lindberg Þórarinssyni, formanni frá Náttúrustofu Norðausturlands, Bjarna Jónssyni frá Náttúrustofu Norðurlands vestra og Huldu Birnu Albertsdóttur (starfandi forstöðumanns í fjarveru Nancy Bechtloff) frá Náttúrustofu Vestfjarða. Úr stjórn fór Sindri Gíslason, frá Náttúrustofu Suðvesturlands, sem gegnt hafði formennsku af myndarskap árið 2018. Á aðalfundi SNS 2019, sem haldinn var á Sauðarkróki 17. maí var samþykkt að í stað Huldu, sem fór í fæðingarorlof á vordögum, kæmi Erpur Snær Hansen inn í stjórnina frá og með aðalfundi.

### Fundir

Stjórn fundaði ekki sérstaklega á árinu en símtöl gengu manna í millum yfir árið. Þrjár forstöðumannafundir voru hins vegar verið haldnir árið 2019; 19. febrúar, 7. maí og 11. september. Heilmikil samskipti voru meðal forstöðumanna í gegnum tölvupóst og segja má að það samráð og umræðan sem fram fór beri merki lýðræðisins sem ríkir innan raða SNS, sem og nútíma samskiptatækni. Segja má að þetta opna samtal og samráð leysi orðið af hólmi sérstaka fundi stjórnar, sem áður fyrr tíðkuðust í meira mæli. Mál voru þannig yfirleitt leist með samtali allra forstöðumanna í stað þess að stjórn hafi markað sérstakar línur.

Formaður SNS hélt erindi fyrir hönd náttúrustofa á ársfundi Náttúrufræðistofnunar Íslands þann 12. apríl. Nokkrir fleiri forstöðumenn náttúrustofa sátu fundinn. Erindið bar heitið „Náttúrufræðistofnun og náttúrustofur: eru þær sama „fjallið“?“ Í heitinu var vísað til þess að í Út-Kinn við vestanverðan Skjálfanda heitir sama fjallið þremur nöfnum, eftir því hvaðan á það er horft. Eins og heiti erindis bar með sér fjallaði það um hlutverk, skipulag og starfsemi NÍ og náttúrustofa, hvað er líkt og ólíkt með þessum stofnunum.

Óskað var eftir fundi með umhverfisráðherra í október en þrátt fyrir ítrekaðar óskir varð ekkert af honum á árinu.

### Umsagnir og erindi

Árið 2019 bárust SNS nokkrar beiðnir um umsagnir nokkur um þingmál. Einungis var veitt umsögn um eitt mál, tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á ráðstöfun almannafrjár við gæðastýringu í sauðfjárrækt (32. þingmál á 150. löggjafarþingi 2019-2020).

Sent var erindi til fjárlaganefndar Alþingis þann 1. nóvember, þar sem bent var á þá óheillaþróun sem orðið hefur á ríkisframlögum til náttúrustofa og kallað eftir því að nefndin tæki tillit til þess við afgreiðslu fjárlaga. Formaður hafði í aðdragandanum lagt nokkra vinnu í að taka saman upplýsingar úr fjárlögum, fyrir náttúrustofur og nokkrar aðrar stofnanir sem heyra undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Gögnin og myndrit sem á þeim byggðu nýttu einhverjar náttúrustofur til að vekja athygli á þróun ríkisframlaga í aðdraganda fjárlaga. Því miður skilaði sér það ekki í teljanlegri hækkun ríkisframlaga árið 2020.

### Nefndir og ráð

Óskað var eftir tilnefningum SNS í samráðsnefnd um sjálfbærar veiðar í upphafi árs. Tilnefndar voru þær Kristín Ágústsdóttir og Kristín Hermannsdóttir, til vara. Í stað Kristínar Ágústsdóttur var Hálfván Helgi Helgason skipaður fulltrúi SNS síðla árs. Einnig barst SNS beiðni frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu um tilnefningu í ráðgjafarnefnd fagstofnana og eftirlitsaðila vegna vatnamála. Sindri hefur setið sem fulltrúi SNS í ráðgjafahóp um vatnshlot. Var þeim upplýsingum komið áfram til UAR. Erlín Emma Jóhannsdóttir, Náttúrustofu Austurlands, var tilnefnd sem varamaður. Menja Von Schmalensee var tilnefnd í samráðsnefnd um endurskoðun laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum.

### Vöktun náttúruverndarsvæða

Formaður SNS hefur sat framan af ári í samráðshópi sem umhverfis- og auðlindaráðuneytið skipaði vegna vöktunar á náttúruverndarsvæðum. Til samráðshópsins var stofnað í tilefni fjárheimildar sem samþykkt var á fjárlögum ársins 2019 en á grundvelli hennar er gert ráð fyrir að útbúa og koma í framkvæmd vöktun náttúrufars á náttúruverndarsvæðum. Gert er ráð fyrir mikilli aðkomu náttúrustofa að því verkefni, en það er þó í forsjá Náttúrufræðistofnunar Íslands. Sat formaður samtals fimm fundi í samráðshópnum, auk eins samráðs-/undirbúningsfundar með starfsfólki NÍ. Síðasti fundur samráðshópsins var haldinn þann 20. ágúst en eftir það tók verkefnisstjórn til starfa. Samþykkt hafði verið í samráðshópnum að SNS skipaði tengilið milli samráðshóps NÍ og náttúrustofa og var Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir skipuð sem þessi tengiliður á Skypefundi forstöðumanna náttúrustofa þann 11. september.

### Náttúrustofufing og aðalfundur SNS 2019

Náttúrustofufing var haldið á Sauðárkróki þann 16. maí og aðalfundur SNS daginn eftir á grundvelli samþykktar á Skype-fundi forstöðumanna þann 19. febrúar 2019. Náttúrustofa Norðurlands vestra bar hitann og þungann af skipulagningu, í samræmi við það sem tíðkast hefur þegar Náttúrustofufing eru haldin á starfssvæðum náttúrustofanna. Þingið tókst vel til og aðalfundur einnig en svo óheppilega vildi þó til að fundargerð aðalfundarins týndist og hafa forstöðumenn því reynt að rifja eftir á upp það sem samþykkt var á fundinum nú í aðdraganda aðalfundar 2020.

### Annað

Starfsemi stjórnar SNS hefur nú í a.m.k. tvö ár verið lítil sem engin. Þau verkefni sem berast á borð SNS hafa verið leyst sameiginlega en þó hefur mest mætt á formanni SNS við formlega afgreiðslu, auk þess sem hann hefur verið opinber málsvari náttúrustofanna. Hitinn og þunginn hefur því legið á formanni en að öðru leyti hafa verkefni dreifst á aðra forstöðumenn, eftir tilefni. Það mætti alveg velta því upp hvert hlutverk stjórnar er á tímum nútíma samskipta og opins upplýsingaflæðis, í ljósi þess að erindi sem berast á borð SNS eru yfirleitt leyst sameiginlega og án sérstakrar aðkomu stjórnar SNS.

Húsavík, 28. apríl 2020, f.h. stjórnar SNS,



Þorkell Lindberg Þórarinnsson, formaður SNS

## Viðhengi 2.

Aðalfundur Samtaka náttúrustofa, netfundur 29. apríl 2020

### **Starfsskýrsla formanns frá 1. janúar til 28. apríl 2020**

#### Ný stjórn

Í ársbyrjun 2020 tók við ný stjórn Samtaka náttúrustofa (SNS). Hana skipa Erpur Snær Hansen (Náttúrustofu Suðurlands), Kristín Hermannsdóttir (Náttúrustofu Suðausturlands) og Róbert A. Stefánsson (Náttúrustofu Vesturlands). Kristín er gjaldkeri og Róbert formaður. Úr stjórn gengu Bjarni Jónsson (Náttúrustofu Norðurlands vestra) og Þorkell Lindberg Þórarinsson (Náttúrustofu Norðausturlands).

#### Fundir forstöðumanna á tímabilinu

Þótt þriggja manna stjórn fari fyrir SNS er venjan að ræða flest mál í hópi allra forstöðumanna. Á tímabilinu voru haldnir fjórir slíkir formlegir netfundir: 9. janúar og 6., 19. og 25. mars.

#### Fundur með ráðherra

Fulltrúar SNS (Róbert A. Stefánsson og Þorkell Lindberg Þórarinsson) áttu fund með Guðmundi Inga Guðbrandssyni, umhverfis- og auðlindaráðherra, í ráðuneytinu þann 21. janúar. Auk þeirra þriggja sátu fundinn Jón Geir Pétursson, skrifstofustjóri skrifstofu landgæða, og Orri Páll Jóhannsson, aðstoðarmaður ráðherra.

#### Þróun fjárveitinga

Fundurinn var haldinn að beiðni SNS, þar sem áhugi var á að ræða við ráðherra um þróun fjárveitinga til náttúrustofanna en SNS og forstöðumenn náttúrustofa hafa á undanförunum árum ítrekað bent á þá óheillaþróun sem orðið hefur varðandi rekstur náttúrustofa. Fjárframlög ríkisins, sem mynda rekstrargrunn þeirra, hafa dregist verulega saman og nemur samdrátturinn u.þ.b. einu stöðugildi á hverja stofu. Þessi þróun er í hrópandi ósamræmi við þróun fjárveitinga til sambærilegra ríkisstofnana umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Afleiðingarnar eru:

- Þyngri rekstur
- Fækkun starfa
- Áhersla færist á borgandi þjónustuverkefni og fjær öðrum lagalegum hlutverkum

Ráðherra sýndi því skilning að hækkun grunnframlags sé mjög mikilvæg en taldi að erfitt yrði að hækka framlögin með því að fara í gegnum fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar. Sóknarmöguleikarnir fælust frekar í verkefnatengdum fjárveitingum.

## Framtíðarsýn

Á fundinum var líka rætt um mögulega framtíð náttúrustofa. Þó ekki liggi fyrir formleg sameiginleg framtíðarsýn stofanna eru forstöðumenn sammála um nokkur atriði sem mætti taka tillit til þegar kemur að endurskoðun laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Meðal atriða eru:

- Náttúrustofur verði áfram fjárhagslega sjálfstæðar rekstrareiningar
- Efla þarf tengsl náttúrustofa og umhverfis- og auðlindaráðuneytis
- Skilgreina þarf betur samstarf og verkaskiptingu náttúrustofa og Náttúrufræðistofnunar Íslands
- Umhverfis- og auðlindaráðuneytið þyrfti að móta sér stefnu um að auglýsa störf við stofnanir sínar án staðsetningar, sbr. stefnu atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins um fjölgun starfa ríkisstofnana á landsbyggðinni. Sérfræðingar við þær stofnanir geti starfað á náttúrustofunum, kjósi þeir svo, og því gæti fylgt sanngjarnt aðstöðugjald.

## Samráðsnefnd um náttúrustofur

Í rekstrarsamningum sveitarfélaga og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, sem tóku gildi 2019, er kveðið á um samráðsnefnd um náttúrustofur. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið fer með formennsku í nefndinni og enn hefur ekki verið boðað til fundar, sem þó átti að gera að lágmarki tvisvar á ári skv. rekstrarsamningunum. Samtök náttúrustofa gagnrýndu þetta á fundinum og fóru fram á að boðað yrði til fundar í samráðsnefndinni hið fyrsta. Ráðuneytið lofaði að þessu yrði kippt í liðinn og nokkru síðar óskaði það eftir tilnefningum hlutaðeigandi í samráðsnefndina. Náttúrustofurnar brugðust hratt við og tilnefndu forstöðumenn Náttúrustofu Austurlands og Vesturlands í nefndina þann 14. febrúar. Ekki hefur enn verið boðað til fundar.

## Vöktun náttúruverndarsvæða

Á fundinum upplýstu fulltrúar SNS ráðherra um framgang samstarfsverkefnis náttúrustofa, Náttúrufræðistofnunar Íslands og fleiri um vöktun náttúruverndarsvæða.

## Umsagnir

SNS sendi umsagnir við eftirfarandi mál:

- Áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum – umsögn send 2. janúar 2020.
- Drög að lýsingu landsáætlunar um skógrækt – umsögn send 31. janúar 2020.

## Vöktun náttúruverndarsvæða undir álagi vegna ferðamanna

Á fyrri hluta ársins 2020 hefur undirbúningur vegna vöktunar náttúruverndarsvæða m.t.t. álags af völdum ferðamanna verið fyrirferðarmikill. Verkefnið er unnið af Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofum, í samvinnu við Umhverfisstofnun og Þjóðgarða. Í verkefnisstjórn sitja þrjú fulltrúar NÍ og einn frá náttúrustofum. Í byrjun febrúar var haldin vinnustofa á NÍ, þar sem starfsfólk náttúrustofanna fjölmennti og tók virkan þátt í umræðum um forgangsröðun verkefna og svæða. Vinnan hefur svo haldið áfram með netfundum (t.d. fundur SNS og NÍ 26. mars) og tölvupóstssamskiptum. Ætlunin er að ganga frá áætlunum á næstu dögum og vikum og hefja vettvangsathuganir í vor. Spennandi verður að sjá hvernig til tekst og hversu miklum fjármunum verður varið til náttúrustofanna vegna vinnuframlags þeirra.



## Áhrif COVID-19

COVID-19 hefur haft mikil áhrif á samfélagið allt, þar á meðal tilhögun starfsemi náttúrustofanna. Margir starfsmenn hafa fært starfsstöðvar sínar heim. Starfsemin hefur þó síður en svo legið niðri og margir komið miklu í verk. Fundir hafa fallið niður, þar á meðal var ársfundir Náttúrufræðistofnunar Íslands, sem halda átti þann 1. apríl, frestað um óákveðinn tíma. Aðalfundur SNS átti að vera í Reykjavík en var færður á netið.


## Fram undan

Á næstu dögum og vikum höldum við út í sumarið og er líklegt að gagnaöflun vegna vöktunar náttúruverndarsvæða taki nokkuð pláss. Fróðlegt verður að fylgjast með hvernig það verkefni þróast.

Vegna farsóttarinnar hefur hægst á ýmsum málum sem tengjast náttúrustofunum beint eða óbeint. Í fyrirsjáanlegri framtíð er engu að síður líklegt að boðað verði til fundar samráðsnefndar um náttúrustofur. Æskilegt væri að fyrir þann fund hefðu fulltrúar SNS í farteskinu skýra og sameiginlega framtíðarsýn náttúrustofanna um stöðu þeirra í kerfi náttúrurannsókn- og fræðslustofnana á Íslandi. Mögulega verður þingsályktun um skipun starfshóps Alþingis til að fara yfir reynsluna af starfsemi náttúrustofanna samþykkt í haust. Mikilvægt er að náttúrustofurnar hafi sterka rödd í þeirri vinnu, enda er mögulegt að í tengslum við hana verði ráðist í endurskoðun laga nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun og náttúrustofur.

Svo má ekki gleyma ríkisframlaginu, sem þróast hefur á neikvæðan hátt um langt skeið. Óvíst er hvaða áhrif efnahagslæggðin vegna farsóttarinnar mun hafa á fjárveitingar til náttúrustofanna en mikilvægt er að vernda störf og að náttúrustofurnar haldi á lofti mikilvægi starfseminnar og hvetji til sóknar frekar en hitt.

Virðingarfyllst,



Róbert A. Stefánsson,  
forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands  
og formaður Samtaka náttúrustofa